

## Hörður Áskelsson ferilságrip og ferilsskrá

Hörður Áskelsson er einn af fremstu og áhrifamestu tónlistarmönnum Íslendinga. Hann hefur verið í fararbroddi í íslensku tónlistarlífi um fjögurra áratuga skeið sem orgelleikari, kórstjóri og listrænn stjórnandi. Brautryðjendastarf hans sem tónlistarstjóri Hallgrímskirkju hefur vakið mikla athygli innan lands sem utan fyrir fjölbreytni og nýsköpun og átti þátt í að gera kirkjuna að einni af þekktustu og mest sóttu byggingu og listamiðstöð landsins.

Hörður fæddist á Akureyri 22. nóvember 1953. Hann gekk í smábarnaskóla Egils Þorlákssonar, Barnaskóla Akureyrar, Gagnfræðaskóla Akureyrar og lauk stúdentsprófi frá MA árið 1973. Hann stundaði einkanámi í píanóleik hjá Þórgunni Ingimundardóttur, stundaði píanó- og orgelnám í Tónlistarskóla Akureyrar hjá Kristni Gestssyni, Philip Jenkins og Gígju Kjartansdóttur, stundaði nám við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Tónlistarskólann í Reykjavík á árunum 1973–76, en meðal kennara hans þar voru Róbert Abraham Ottósson, Marteinn H. Friðriksson og Halldór Haraldsson. Hörður lauk tónmenntakennaraprófi 1975 og burtfararprófi í orgelleik 1976.

Hörður stundaði háskólanám í kirkjutónlist við Staatliche Hochschule für Musik, Robert Schumann Institut, í Düsseldorf í Þýskalandi 1976–81 og lauk þaðan A-prófi í evangelískri kirkjutónlist með hæstu einkunn.

Hörður var organisti Fríkirkjunnar í Hafnarfirði með námi 1973–76 og tónmenntakennari í Fossvogsskóla 1975–76. Hann gegndi stöðu kantors við Neanderkirkjuna í Düsseldorf 1981–82.

Hörður Áskelsson var organisti og kantor Hallgrímskirkju í Reykjavík í 39 ár frá 1982 til 2021. Hann gegndi lykilhlutverki við uppbyggingu hins kraftmikla listalífs í Hallgrímskirkju og stýrði vali á og fjáröflun til kaupa á hinu glæsilega Klais-orgeli kirkjunnar. Strax í upphafi starfs síns stóð hann að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju (sem nú nefnist Listvinafélagið í Reykjavík). Hann stofnaði til Kirkjulistahátíðar í framhaldi af vígslu Hallgrímskirkju 1987, Alþjóðlegs orgelsumars (fyrst Sumarkvöld við orgelið) eftir vígslu orgelsins 1993, svo og Jólátónlistarhátíðar 2005 og Sálmafoss 2007, sem öðluðust fastan sess í menningarlífi Reykjavíkur.

Kirkjulistahátíð var haldin alls 15 sinnum, framan af að jafnaði annað hvert ár, og komu þar fram margir af stærstu alþjóðlegu listamönnum í heimi ásamt úrvalslíði íslenskra listamanna. Ljóni var varpað á ýmsar listgreinar, svo sem dans, ljóðlist og leiklist, og mikill metnaður bæði í listsýningum og tónleikum. Alþjóðlegt orgelsumar var haldið á hverju ári frá 1993–2019 eða alls 26 sumur og þar komu fram margir af fremstu orgelleikurum heims ásamt íslenskum orgelleikurum í fremstu röð á þrennum tónleikum á viku yfir sumartímann. Á Sálmafossi, sem haldinn var á Menningarnótt í Reykjavík um árabíl, voru fjölmargir nýir íslenskir sálmar og sálmalög frumflutt.

Hörður Áskelsson stofnaði Mótettukór Hallgrímskirkju (nú Mótettukórinn) árið 1982 og kammerkórinn Schola Cantorum árið 1996. Báðir eru kórarnir í fremstu röð íslenskra kóra. Með þeim hefur hann flutt flest helstu kórverk sögunnar, bæði með og án undirleiks. Meðal stærstu verka sem Hörður hefur stjórnað má nefna Matteusarpassíuna, Jóhannesarpassíuna, Jóláratóriuna og H-moll messuna eftir Bach, Messías, Jósúa, Ísrael í Egyptalandi og Salómon eftir Händel, Elía og Pál postula eftir Mendelssohn, sálumessur eftir Mozart, Durufle og Faure, Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin og Þýska sálumessu Brahms. Þá hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað fyrir hann og má nefna Atla Heimi Sveinsson, Hafliða Hallgrímsson, Hauk Tómasson og John A. Speight í því samhengi. Nýjasta verk sem Hörður hefur frumflutt er Gospel of Mary eftir Huga

Guðmundsson sem norska sópransöngkonan Berit Norbakken, Schola Cantorum og Oslo Sinfonietta frumfluttu í Hallgrímskirkju á Listahátíð í Reykjavík við frábærar undirtektir í júní síðastliðnum og fluttu einnig á KLANG tónlistarhátíðinni í Kaupmannahöfn og Alþjóðlegu kirkjutónlistarhátíðinni í Osló.

Hörður hefur ásamt kórum sínum tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum og tónlistarkeppnum á alþjóðlegum vettvangi og unnið til fjölmargra verðlauna. Tónlistarflutningur Harðar hefur oftsinnis verið tekinn upp fyrir sjónvarp og útvarp og verið gefinn út á fjölda geisladiska sem hafa hlotið frábæra dóma í íslenskum og erlendum blöðum. Hörður hefur haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu, bæði sem kórstjóri og organisti, m.a. í Kölnardómkirkju, Notre-Dame og Saint-Sulpice í París, og dómkirkjunum í Frankfurt, Brussel, Helsinki og Basel.

Frá árinu 2004 hefur Hörður unnið reglulega með framúrskarandi hópi barokktónlistarmanna frá ýmsum löndum undir merkjum Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Reykjavík (áður Hallgrímskirkju/Den Haag). Hljómsveitin hefur leikið á fjölmörgum tónleikum með Mótettukórnum og Schola Cantorum og hefur þetta samstarf átt ómetanlegan þátt í að kynna flutningsmáta upprunastefnu og hljóðfæri barokktímans hér á landi.

Hörður Áskelsson hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985–1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður var tónlistarstjóri hátíðarhalda í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi árið 2000 og hann gegndi embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar árin 2005–2011.

Hörður hefur hlotið margs konar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónlistarflytjandi ársins 2001 og Menningarverðlaun DV árið 2002, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2002. Í apríl 2022 hlaut hann Liljuna, viðurkenningu þjóðkirkjunnar, fyrir ævistarf sitt sem kantor Hallgrímskirkju í Reykjavík og fyrir hið mikla tónlistar- og frumkvöðlastarf sitt í kirkjunni.

Hörður er nú sjálfstætt starfandi tónlistarmaður og stjórnandi kóra sinna, Mótettukórsins og Schola Cantorum, og einnig stjórnandi Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Reykjavík. Hann er sömuleiðis listrænn stjórnandi Listvinafélagsins í Reykjavík.

## Tónverk samin fyrir Hörð Áskelsson og/eða frumflutt af honum

Atli Heimir Sveinsson

Hallgrímsspassía fyrir kór, einsöngvara, upplesara og málmblásara

Áskell Másson

Sónata fyrir orgel (Norrænir orgeldagar í Düsseldorf 1986)

Óratórían Cecílía fyrir kór, kammerkór, orgel og kammersveit 2009 (texti: Thor Vilhjálmsson)

Bára Grímsdóttir

Vorvísá, mótetta 2002

Elín Gunnlaugsdóttir

Guðspjallsmótetta fyrir kór og orgel 2003

Gunnar Andreas Kristinsson

Með gleðiraust og helgum hljóðum, útsetning fyrir kór 2005

Introitus fyrir kór, orgel og málmblásara 2010

Klukkan I-III fyrir orgel 2011

Úr Hávamálum, frumflutt á Reykjavík Festival í LA Walt Disney Concert Hall 2017

Gunnar Reynir Sveinsson

Gloría 1985

Fyrir þitt friðarorð, mótetta 1989

Hafliði Hallgrímsson

Introitus fyrir kór, orgel og slagverk 1994 (Listahátíð í Reykjavík 1994)

Passía op. 28 fyrir einsöngvara, kór, tvö orgel og kammersveit 2001

Sónhenda fyrir kór 2011

Rura, rura barni fyrir kór og trompet 2012

Endurkoma fyrir kór 2012

Mysterium fyrir einsöngvara, tvo kóra, tvö orgel og kammersveit 2019

Haukur Tómasson

Flétta fyrir kór, kammerkór og kammersveit 2011

Hjálmar H. Ragnarsson

Ave María, mótetta 1985

Orgelkonsert (einleikari á orgel með S.Í. á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju 1997)

Hreiðar Ingi Þorsteinsson

María, meyjan skæra fyrir tvo kóra 2003

Ég veit minn ljúfur lifir fyrir kór 2013

Nunc dimittis fyrir kór 2014

Pater noster fyrir tvo kóra og orgel 2015

María, mærin blíð fyrir kór 2015

Úr Hávamálum, frumflutt á Reykjavík Festival í LA Walt Disney Concert Hall 2017

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson

Introitus fyrir kór og orgel 1997

Hugi Guðmundsson

Signing fyrir básúnu og orgel 2001

Adoro te devote fyrir kór og saxófónkvartett 2005

Úr Hávamálum, frumflutt á Reykjavík Festival í LA Walt Disney Concert Hall 2017

Gospel of Mary fyrir sópraneinsöngvara, kór, orgel og kammersveit 2022

John A. Speight

Barn er oss fætt, jólaóratória fyrir einsöngvara, tvo kóra og hljómsveit 2001

Pax fyrir Hörð, fyrir orgel 2003

Drottinn er styrkur minn, fyrir sópran, kór, tólf málmblásara, pákur og orgel 2005

Jón Hlökkver Áskelsson

Upp, upp, mín sál, mótetta 1996

Tignið Drottin, mótetta 1997

Sjö orð Krists á krossinum, mótetta 1998

Súlur fyrir orgel 2000

Dagsöngvar um frið, kantata 2001

Da pacem domine fyrir tvo trompeta og orgel 2005

Jón Nordal

Óttusöngvar á vori fyrir einsöngvara, kór, selló, orgel og slagverk 1993

Jónas Tómasson

Dýrð Krists fyrir orgel 1996

Davíðssálmur 23, mótetta 1985

Kjell Mörk Karlsen

Sinfonia Arctandriae fyrir orgel 1993

Oliver Kentish

Turn Thee Unto Me, mótetta 1999

Páll Pampichler Pálsson

Óðurinn til kærleikans, mótetta 1994

Sigurður Sævarsson

Hallgrímsspassía fyrir einsöngvara, kór og kammersveit 2007

Þeir hringdu hljómpungum klukkum fyrir kór og orgel 2010

Jólaóratória fyrir einsöngvara, kór, orgel og kammersveit 2012

O Crux fyrir kór 2014

Nunc dimittis fyrir kór 2015

Requiem fyrir einsöngvara og kór 2016

Ave verum corpus fyrir kór 2018

Dormi, Jesu fyrir kór 2018

Veni, Sancte Spiritus fyrir einsöngvara, kór og kammersveit 2019

Tryggvi M. Baldvinsson

Introitus fyrir kór, málmblásarasveit og slagverk 2000 (Kristnihátíð á Þingvöllum 2. júlí 2000)

Þorkell Sigurbjörnsson

Kvöldbænir 1984 fyrir kór

Páskaóratória 1987 fyrir kór og litla hljómsveit

Snertur fyrir Hörð og nýja orgelið 1992 (vígslutónleikar Klais-orgelsins des. 1992)

Innsigli 2002 (10 ára afmæli Klais-orgelsins)

### **Úrval tónverka sem Hörður hefur stjórnað:**

Johann Sebastian Bach

H-moll messan

Jólaóratóran

Jóhannesarpassían

Matteusarpassían

Mótettur, BWV 225–230

Magnificat, BWV 243  
fjöldi kantata  
Georg Friedrich Händel  
Jósúa  
Sál  
Ísrael í Egyptalandi  
Messías  
Salómon  
Gabriel Fauré  
Requiem  
Frank Martin  
Messa fyrir tvo kóra  
Felix Mendelssohn-Bartholdy  
Elía  
Páll postuli  
Wolfgang Amadeus Mozart  
Requiem  
Messa í c-moll  
Giovanni Pierluigi da Palestrina  
Missa Papae Marcelli  
Camille Saint-Saëns  
Jólaóratória  
Heinrich Schütz  
Historia der Geburt Jesu Christi  
Antonio Vivaldi  
Gloria, RV 589  
Arvo Pärt  
Passio Domini Nostri Jesu Christi secundum Joannem  
Berliner Messe  
Adam's Lamenth  
Magnificat  
Nunc dimittis

**Verðlaun og viðurkenningar:**

Sonning-verðlaunin 1983  
Menningarverðlaun DV 1990, 2001  
Heiðurslaun Brunabótafélags Íslands 1992  
Heiðurslaun VÍS 1999  
Starfslaun listamanna frá íslenska ríkinu 1999  
Íslensku tónlistarverðlaunin 2001, 2016, 2021  
Borgarlistamaður Reykjavíkur 2002  
Liljan – viðurkenning Þjóðkirkjunnar 2022

### **Helstu tónleikastaðir sem stjórnandi**

Listahátíðin í Bergen, Klangbogen Wien , kórakeppnir á Ítalíu og Frakklandi, Nice, Marseille, París, Vancouver, Toronto, Düsseldorf, Heidelberg, Freiburg, Budapest, Osló, Þrándheimur, Stokkhólmur, Uppsalar, Lundur, Helsinki, Kaupmannahöfn

### **Helstu orgeltónleikastaðir**

Kölnardómkirkja, Dómkirkjan í Brüssel, St. Sulpice í París, Neanderkirche og Johanneskirche í Düsseldorf, Dómkirkjan í Ratzeburg, Landsberg bei München, Dómkirkjan í Bergen, Dómkirkjan í Riga, Zürich, Toronto, Malaga, Marbella, London auk fjölda borga í Mið-Evrópu.

### **Kórakeppnir**

Cork International Choir competition, Írlandi, áheyrendaverðlaun Mótettukór Hallgrímskirkju 1996  
Festival de Picardie, Frakklandi, alþjóðleg kórakeppni 1. verðlaun Schola Cantorum 1996  
Gorizia, Ítalíu, alþjóðleg kórakeppni, 2. verðlaun Schola Cantorum 2002  
Cançó Mediterrània, Spáni, þrenn gullverðlaun og Grand Prix Mótettukór Hallgrímskirkju 2014

### **Helstu störf**

Organisti við Fríkirkjuna í Hafnarfirði 1973–1976  
Kantor við Neanderkirche í Düsseldorf 1981–1982  
Kantor Hallgrímskirkju í Reykjavík 1982–2021  
Lektor í litúrgískum söngfræðum við H.Í. 1985–1995  
Formaður stjórnar Tónskóla Þjóðkirkjunnar frá 2001  
Kennari við Tónskóla Þjóðkirkjunnar 1983–2003  
Tónlistarstjóri Kristnihátíðar 2000, 1000 ára afmæli kristni á Íslandi 1999–2001  
Listrænn stjórnandi og framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju (nú Reykjavíkur) frá 1982  
Listrænn stjórnandi Kirkjulistahátíðar 1987–2019  
Listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Sumarkvöld við orgelið 1993–2021  
Stjórnandi Mótettukórsins frá 1982  
Stjórnandi kammerkórsins Schola Cantorum frá 1996  
Í stjórn organistafélagsins um langt árabíl og átti sæti í orgelnefnd þjóðkirkjunnar  
Í útgáfunefnd íslensku sálmabókarinnar

### **Frumkvöðlastarf**

Stofnandi Listvinafélags Hallgrímskirkju 1982  
Stofnandi Mótettukórs Hallgrímskirkju 1982  
Stofnandi Kirkjulistahátíðar í Hallgrímskirkju 1987  
Frumkvöðull að kaupum á Klais-orgeli Hallgrímskirkju og fjársöfnuninni „Gefum orgelpípu“ til fjáröflunar fyrir orgelkaupin  
Frumkvöðull að alþjóðlegri orgeltónverkasamkeppni í tilefni af vígslu Klais-orgels Hallgrímskirkju 1992  
Stofnandi sumartónleikaraðarinnar Sumarkvöld við orgelið í Hallgrímskirkju 1993  
Stofnandi kammerkórsins Schola Cantorum 1996

## Geisladiskar

### Sem organisti:

Nýja Klais-orgelið í Hallgrímskirkju, verk eftir Bach, Franck, Jón Nordal, Þorkell Sigurbjörnsson o.fl. 1993  
Dýrð Krists, verk eftir Jónas Tómasson 1997  
Óbó, horn og orgel, með Daða Kolbeinssyni og Joseph Ognibene 1999  
Camille Saint-Saëns: Sinfónía nr. 3 (Orgelsinfónían) með Sinfóníuhljómsveit Íslands 2000 (AC Classics)  
Trompetería, tveir trompetar og orgel með Ásgeiri H. Steingrímssyni og Eiríki Erni Pálssyni 2002  
Minning, flauta og orgel með Guðrúnu Birgisdóttur 2009  
Hörður Áskelsson leikur á Klais-orgel Hallgrímskirkju, verk eftir Bach, Guilain og Marchand 2014

### Með Mótettukórnum:

Íslensk kirkjutónlist 1990  
Requiem eftir Maurice Duruflé 1996 (Thorofon)  
Sól eg sá, verk eftir Jón Nordal 1997  
Jól í Hallgrímskirkju 1997  
Lýs, milda stjarna, jólatónlist, með Jóhanni Friðgeir Valdimarssyni tenór 2002  
Passía eftir Hafliða Hallgrímsson 2003 (Ondine)  
Barn er oss fætt, jólaóratória eftir John A. Speight, með Sinfóníuhljómsveit Íslands 2005  
Jólagjöfin, jólatónlist með Ísak Ríkarðssyni drengjasópran og Sigurði Flosasyni saxófón 2005  
Ljósíð þitt lýsi mér, íslensk kirkjutónlist, CD/DVD 2011  
Heilög stund, jólatónlist með Kristni Sigmundssyni barítón og Birni Steinari Sólbergssyni orgel 2011  
Flétta eftir Hauk Tómasson, CD/DVD, með Schola Cantorum og Kammersveit Reykjavíkur 2012

### Með Schola cantorum:

Principium, verk eftir Tallis, Schein, Gesualdo og Byrd 1999  
Audi creator coeli, ný íslensk kórtónlist 2001  
Sálmar í gleði, sálmar úr íslensku sálmabókinni 2002  
Hallgrímsspassía eftir Sigurð Sævarsson 2009  
Foldarskart, íslensk kórlög 2012  
Kórverk eftir Hafliða Hallgrímsson 2013  
Meditatio, nýleg íslensk og erlend kórverk 2016 (BIS)  
Sálmar á nýrri öld, eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson og Sigurð Flosason 2017 (Dimma)  
Meditatio II, ný íslensk og erlend kórverk 2023 (BIS)

### BIS, Jón Leifs Edition:

Jón Leifs: Hekla (Sinfóníuhljómsveit Íslands, Schola Cantorum, kórstjóri H.Á., Mótettukór Hallgrímskirkju a capella, stjórnandi H.Á.) 1999  
Jón Leifs: Hafís (Sinfóníuhljómsveit Íslands, Schola Cantorum, kórstjóri H.Á.) 2000  
Jón Leifs: Dettifoss (Sinfóníuhljómsveit Íslands, Mótettukór Hallgrímskirkju, kórstjóri H.Á.) 2001  
Jón Leifs: Baldr (Sinfóníuhljómsveit Íslands, Schola Cantorum, kórstjóri H.Á.) 2002  
Jón Leifs: Víkingasvar (Sinfóníuhljómsveit Ísland, Mótettukór Hallgrímskirkju, kórstjóri H.Á., Schola Cantorum, kórstjóri H.Á.) 2004  
Jón Leifs: Edda I (Sinfóníuhljómsveit Íslands, Schola Cantorum, kórstjóri H.Á.) 2007  
Jón Leifs: Edda II (Sinfóníuhljómsveit Íslands, Schola Cantorum, kórstjóri H.Á.) 2019